

FAQ – Algengar spurningar

Hvert skal leita hvenær?

1. Vinnustund

Sigríður Oddný Marínósdóttir (sigrimar@landspitali.is) verkefnastjóri vinnur í nánu samstarfi við Vinnuskemateymi. Hún er með skrifstofu ská á móti Litlu-Blásölum á E7. Síminn hjá henni er 620-1449. Senda þarf til hennar allt sem viðkemur Vinnustund:

- Upplýsingar ef breytingar á vakt eða vinnufyrirkomulagi
- Upplýsingar ef SNL þurfti að vera lengur (borga yfirvinnu) vegna akút aðstæðna /álags á deild - hægt er að setja athugasemd við stimplun í Vinnustund.
- Fjarvistir vegna veikinda, veikinda barns eða annarra forfalla - hægt að senda tölvupóst vegna veikinda og ef það er vakt hringja þá er líka hægt að hringja.

Sérnámslæknar bera sjálfir ábyrgð á að fylla rétt út í sína Vinnustund og yfirfara hana a.m.k. 2x í mánuði (fyrir 15.hvers mánaðar og fyrir mánaðamót).

2. Vaktakerfi

MyTimePlan vaktakerfið

Vaktir eru birtar í kerfinu með ca 6-8 vikna fyrirvara. Allir sérnámslæknar þurfa því að sækja appið í símann sinn. Aðgangsorð berst við upphaf starfa á Landspítalanetfang. Vanti þig aðgang eða upp koma vandamál með aðganginn hafðu þá samband við Jóhönnu Erlingsdóttur (johanner@landspitali.is) sem sér um vaktaskemagerð

Hvert á að tilkynna ef sérnámslæknar skipta á vöktum?

Leitast skal við að skipta öllum vöktum í gegnum skiptimarkað MTP. Ef það reynist erfitt eða skiptin henta ekki fyrir skiptimarkaðinn, skal senda tölvupóst á Hilmar Þórðarson (hilmарthо@landspitali.is) sem sér um vaktaskemagerð svo vaktir séu rétt skráðar inn í MTP. Endilega senda með hvað gekk ekki svo hægt sé að reyna að laga það í kerfinu. Við stefnum að því að öll vaktaskipti geti farið fram í gegnum vaktaskiptimarkað MTP. Tölvupóst þarf einnig að senda á Sigríði Oddný Marínósdóttir (sigrimar@landspitali.is) sér um Vinnustundina á lyflækningadeildum séu vaktaskipti gerð með stuttum fyrirvara.

Fyrirspurnir varðandi vaktir:

Ef þið hafið fyrirspurnir varðandi vinnufyrirkomulag á vöktum, hafið þá samband við umsjónarsérnámslækna Pál Guðjónsson (pallg@landspitali.is) Hjálmar Agnar Ragnarsson (hjalmarr@landspitali.is)

3. Hvert á að tilkynna bráð veikindi?

Dagvinnutími / kvöldvaktir virkir dagar:

- Símtal á starfsstöð (sérfræðingur teymis/yfirlæknir göngudeildar og ef aðrir sérnámslæknar vinna á deild). Sérnámslæknir sem er veikur sendir tölvupóst á Sigríði Oddnýju verkefnastjóra sem sér um Vinnustund og tilkynnir veikindin svo skráning sé rétt (sigrimar@landspitali.is).
- Ef viðkomandi er einnig á kvöldvakt samdægurs (eða næstu daga sem fyrirséð er að hann komist ekki á), þá þarf að manna vaktina:
- *Hringja þarf strax að morgni á virkum degi* í ritara sem sér um Vinnustund (Sigríður Oddný, s: 620-1449) sem auglýsir lausa vakt í MTP appinu.
 - Allir sérnámslæknar eru beðnir að kíkja inn á MTP appið fyrir kl 12 daglega og skrá sig á vaktir ef þeir geta. Einnig er mikilvægt að hafa opið fyrir tilkynningar í MTP appinu svo þetta gangi sem best fyrir sig.

Helgar/hátíðsdagar:

- *Hringja í UI lækni (sérnámslæknir, s: 825-9353)* sem auglýsir á workplace að það vanti á vaktina. UI læknir metur hvort hægt sé að hliðra til mannskap eða biðja einhvern að vera lengur.
- UI læknir tilkynnir á næsta stöðumatsfundi um veikindin og kemur upplýsingunum áfram á sérnámslækni á vakt á Hjartadeild (s. 824-5565)
- UI læknir hefur heimild til að færa sérnámslækna/kandídata milli húsa sé það nauðsynlegt. Hann hefur einnig heimild til að bjóða lengri vaktir til þeirra sem eru nú þegar í húsi.
- Sérnámslæknar á vakt hjálpast að við að hringja út sérnámslækna sem eru í fríi ef nauðsyn krefur.
- Í NEYÐ skal hafa samráð við umsjónarsérnámslækna.
- Sérnámslæknir sem er veikur sendir tölvupóst á Sigríði Oddnýju sem sér um Vinnustund og tilkynnir veikindin svo skráning sé rétt.
- Sérnámslæknar sem taka að sér auka vakt eða lengingu á vakt senda tölvupóst á Sigríði Oddnýju og Hilmar Þórðarson með tilkynningu um breytingu á vöktum/ vinnufyrirkomulagi svo að allir fái greitt fyrir vaktina.
- Mikilvægt er að fylgjast með að skráning sé rétt í Vinnustund. Taki sérnámslæknir að sér vakt með <24klst fyrirvara á hann rétt á auka 4 klst greiðslu á yfirvinnukaupi skv. Kjarasamning LÍ. **Mál er rekið fyrir gerðardómi sem úrskurðar um þennan þátt. Úrskurður væntanlegur í byrjun árs 2022.**

4. Varðandi staðarvaktafrí

- Staðarvaktafrí er fyrirfram skipulagt í tengslum við næturvaktir.

- Staðarvaktafrí er fyrirfram skipulagt í tengslum við kvöldvaktir, þ.e. SVF í dagvinnu ef vaktin er 16-00
- Önnur staðarvaktafrí eru veitt í samráði við teymið sem sérnámslæknir er á hverju sinni. Réttast er að hafa samband við yfirlækni á því teymi og fá að vita hvaða sérfræðingur er með teymið þá viku og senda þeim lækni ósk um staðarvaktafrí. Staðarvaktafrí er aðeins hægt að veita ef það passar inn í vinnufyrirkomulag deildarinnar. Ekki er hægt að reikna með að annar sérnámslæknir/kandídat geti komið í staðinn fyrir þann námslækni sem er í staðarvaktafrí.
- Beiðni um **lengri** staðarvaktafrí þarf að senda með góðum fyrirvara (amk 6 vikna fyrirvara) á kennslustjóra og verkefnastjóra Hilmar Þórðarson. Breytingar um lengri leyfi skal senda á kennslustjóra.

5. Tilkynningar um breytingar/veikindi/lengri fjarveru:

Hvert á að senda beiðni um:

1. Fæðingarorlof? Senda tölvupóst á Jónu Kristinsdóttur skrifstofustjóri sérnáms sem kemur beiðnum í réttan farveg. Einnig mikilvægt að fylla út tilhögunun fæðingarorlof sem yfirlæknir sérnáms þarf að skrifa undir.

<https://vinnumalastofnun.is/media/2392/tilkynning-um-tilhogun-faedingarorlofs141346792.pdf>

- *Mikilvægt að verðandi foreldrar tilkynni eins fljótt og auðið er að barnsfæðing sé yfirvofandi svo hægt sé að taka tillit til þess í skemagerð.*

2. Hver tekur við tilkynningu um lengra veikindaleyfi, eða ef þarf að hætta tímabundið á vöktum? Ófeigur T. Þorgeirsson kennslustjóri. Gjarnan bóka fund með Ófeigi.

3. Beiðni um ráðstefnuferðir/námsdaga? Ófeigur T. Þorgeirsson kennslustjóri.

4. Tilkynningu um þungun þarf að senda eins fljótt og hægt er til kennslustjóra svo hægt sé að taka tillit til þess í vaktaskemagerð (sjá verklagsreglur um þungaða sérnámslækninn)

6. Eportfolio, vantar klínískan handleiðara?

Jóna Kristjana Kristinsdóttur skrifstofustjóri sérnáms sér um ePortfolio. Hún skráir inn klíníska handleiðara og aðstoðar við ARCP.

Jóna Kristjana verður við á E7 alla þriðjudaga. Aðra daga vikunnar er hún með aðsetur í Skaftahlíð, en svarar símtölum og tölvupóstum.

7. Almenn vandræði varðandi launaseðla, vantar símtæki ofl

Prófið að tala við Jónu Kristjönu og athugið hvort hún geti hjálpað ykkur. Annars vísar hún ykkur í réttan farveg

8. Fræðsluprógramm

- Lilja Þorkelsdóttir heilbrigðisgagnafræðingur sendir út vikuskema fyrir fræðslufundi á workplace hóp sérnámslækna og heldur utan um mætingarlista fyrir kennsluna.
 - Gert er ráð fyrir 70% mætingu á fræðslufundi á fimmtudagsfundi yfir veturinn
 - Rafræn skráning á workplace
 - Nóg að einn sérnámslæknir í hvorum sal @merki alla sem eru mættir
 - Þeir sem fylgjast með úr öðrum húsum eða að heiman á Teams merkja sig sjálfir.
- *Virðing við tíma fyrirlesara að mæta og taka þátt!*
- Miðvikudagsfræðsla er í hádegi á Hringbraut og Fossvogi, spurningabanki (sjá sér skjal)

9. Spurningar/vandamál tengt launadeild

Verkefnastjóri sérnámslækna á mannauðsskrifstofu er Berglind Möller, berglmol@landspitali.is

Launafulltrúi námslækna er Ísak Hafberg isakha@landspitali.is